

1 Upplýsingar um lífeyristökuUndirrituð/-aður, sækir um útborgun lífeyris úr: **A-deild LSR** **B-deild LSR** **ESÚÍ** **LA/LR**

Taka lífeyris hefst:

Athugið að ekki er hægt að sækja um afturvirkar eftirlaunagreiðslur úr A-deild. Lífeyrir úr A-deild er að jafnaði greiddur eftir á, þ.e. næstu mánaðamót eftir að taka lífeyris hefst.

Hálfur lífeyrir

Áframsenda umsókn á aðra lífeyrissjóði þar sem ég á lífeyrisréttindi.

Senda staðfestingu á umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins.

Ef taka lífeyris úr B-deild er fyrir 65 ára aldur þarf að vera búð að sækja um og fá samþykkt val á 95 ára reglu.

2 Upplýsingar um sjóðfélagaNafn Kennitala

Heimili

Póstnúmer StaðurNetfang Sími-Gsm

Bankareikningsupplýsingar:

Bankanúmer - höfuðbók - reikningsnúmer

Athugaðu að reikningur þarf að vera á nafni umsækjanda. Allar útgreiðslur LSR munu greiðast á þennan bankareikning. Ef þörf er á getur þú breytt bankaupplýsingum þínum síðar á Mínum síðum LSR.

Starfar þú sem lögreglumaður? Já Nei**3 Staðgreiðsla skatta**

Staðgreiða skal skatt af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launagreiðslur væri að ræða. Það er á ábyrgð lífeyrisþega að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi skattgreiðslur eiga að vera og um rétta nýtingu persónuafsláttar. Veldu *eitt* af skattþrepunum hér fyrir neðan *eða* skráðu mánaðarlegar skattskyldar tekjur þínar frá öðrum en LSR.

Skattþrep 1 (31,48% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur að kr. 446.136)

Skattþrep 2 (37,98% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur frá kr. 446.137 og að kr. 1.252.501)

Skattþrep 3 (46,28% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur yfir kr. 1.252.501)

Ég óska eftir því að skattþrep miðist við aðrar mánaðarlegar tekjur. Aðrar mánaðarlegar tekjur kr. :

Hlutfall: Frá hvaða dagsetningu:Nýta eigin persónuafslátt hjá LSR: %Nýta persónuafslátt maka hjá LSR: % Kennitala maka:**Liðir 4-6 eru fyrir sjóðfélaga í B-deild LSR**

Sjóðfélagar í öðrum sjóðum fara beint í lið nr. 7 Undirritun, umboð og áskilnaður um endurkröfurétt.

4 Barnalífeyrir vegna barna yngri en 18 ára, fyrir B-deild LSR

Nafn barns

Kennitala barns

Upphafsstafir: _____

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100 • lsr@lsr.is • www.lsr.is

5 Val um meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu, fyrir B-deild LSR

Meðaltalsregla

Lífeyrisgreiðslur taka sömu breytingum og verða að meðaltali á föstum dagvinnulaunum hjá opinberum starfsmönnum. Hagstofa Íslands reiknar út þessar breytingar mánaðarlega.

Eftirmannsregla

Viðmiðunarlaun eru þau dagvinnulaun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast.

Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, sem veitir aðild að sjóðnum, geta valið að lífeyrisgreiðslur þeirra breytist eftir meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu. Ef taka lífeyris hefst ekki í beinu framhaldi af starfi sem veitir aðild að sjóðnum, breytast lífeyrisgreiðslur eftir meðaltalsreglu.

LSR vill beina því til umsækjanda að leita upplýsinga og ráðgjafar hjá starfsmönnum LSR við val um meðaltals- eða eftirmannsreglu.

Ég vel meðaltalsreglu.

Ég vel eftirmannsreglu.

Ég mun senda lífeyrissjóðnum útfyllt eyðublað „Val um meðaltals- eða eftirmannsreglu“ innan þriggja mánaða.

Sjóðfélagi sem ekki velur eftirmannsreglu innan þriggja mánaða frá upphafi lífeyristöku fær greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu.

Þeir sjóðfélagar sem velja eftirmannsreglu geta síðar valið að fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu. Sú ákvörðun tekur gildi þremur mánuðum eftir að umsókn berst sjóðnum. Eftir það er ekki hægt að skipta úr meðaltalsreglu yfir á eftirmannsreglu.

6 Launaviðmið skv. hærra launuðu starfi fyrir á sjóðfélagatímanum, fyrir B-deild LSR

Réttur á hærri viðmiðunarlaunum

Viðmiðunarlaun lífeyris eru almennt þau dagvinnulaun sem sjóðfélagi hafði við starfslok.

Þrjár undantekningar geta verið á því:

1. Ef sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum, skal miða við hæst launaða starfið, hafi hann verið í því að lágmarki í tíu ár. Annars er miðað við það starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum, gegndi í að minnsta kosti tíu ár.
2. Ef sjóðfélagi hefur öðlast rétt til að hefja töku lífeyris en ákveðið að fresta því og tekið eftir það við lægra launuðu starfi en það sem hann var í áður, skal miða lífeyrinn við starfið sem var hærra launað.
3. Ef sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi en þurfti af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni og tók við öðru lægra launaðra starfi skal miða lífeyrinn við hærra launaða starfið.

Ég var í hærra launuðu starfi (en lokastarf) í meira en 10 ár fyrir á sjóðfélagatímanum.

Ég var í hærra launuðu starfi (en lokastarf) þegar rétti á lífeyristöku var náð.

Ég lét af hærra launuðu starfi (en lokastarf) af heilsufarsástæðum. Skila þarf inn læknavottorði því til staðfestingar.

Ef hakað er í eitthvað af ofantöldu þá skal fylla hér inn upplýsingar um hærra launaða starfið

Starfsheiti

Nafn vinnuveitanda

Tímabil

Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Upphafsstafir: _____

7 Undirritun, umboð og áskilnaður um endurkröfurétt

Ég hef lesið og samþykki eftirfarandi:

Með undirritun minni veiti ég lífeyrissjóðnum fullt umboð til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga og gagna, þar með talið upplýsingar um starfslok til vinnuveitanda ef við á.

Hefji sjóðfélagi töku eftirlauna fyrir 67 ára aldur er sú ákvörðun endanleg. Réttur til örorkulífeyris fellur því niður frá þeim tíma er greiðsla eftirlauna hefst.

Til að geta hafið töku lífeyris úr B-deild má sjóðfélagi ekki vera í starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði B-deildar og til að geta hafi töku á hálfum lífeyri úr B-deild má sjóðfélagi að hámarki vera í 50% starfshlutfalli í starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði B-deildar og vera orðinn 65 ára.

Tilkynna ber sjóðnum ef hafið er starf að nýju sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild. Skilyrði B-deildar eru, að starfið sé a.m.k. hálf starf hjá launagreiðanda sem heimild hefur til að greiða fyrir starfsmenn sína og að ráðning sé til a.m.k. eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti. Hefji sjóðfélagi slíkt starf fellur niður réttur til töku lífeyris samhliða. Verði lífeyrir ofgreiddur áskilur sjóðurinn sér fullan endurkröfurétt.

Allar upplýsingar sem lífeyrissjóðurinn fær varðandi umsókn þessa verður farið með sem trúnaðarmál. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu LSR sem birt er á vef sjóðsins.

Dagsetning undirskriftar

Undirskrift umsækjanda